



Svandís Svavarsdóttir, heilbrigðisráðherra  
Heilbrigðisráðuneytið  
Skógarhlíð 6  
105 Reykjavík

Búðardal, 16. september 2021  
Mál.nr. 1910017

**Erindi: Rekstur Dvalar- og hjúkrunarheimilisins Silfurtúns í Dalabyggð, ítrekun á fyrirspurn um afstöðu.**

Ítrekað er erindi frá 21. maí 2021, þar sem Dalabyggð óskar eftir upplýsingum um hver afstaða heilbrigðisráðuneytisins sé til þess að Heilbrigðisstofnun Vesturlands hafni því að taka við rekstri Dvalar- og hjúkrunarheimilisins Silfurtúns. Eins og fram kemur í erindinu vísaði ráðuneytið til vinnu við greiningu á rekstrarkostnaði hjúkrunarheimila í síðasta svari til Dalabyggðar.

Meðal þess sem fram kemur í skýrslu verkefnastjórnar um rekstrarkostnað hjúkrunarheimila er að meðalaldur íbúa hefur hækkað sem virðist m.a. koma fram í aukinni hjúkrunarþyngd og hækkuðum rekstrarkostnaði. Þá er spáð verulegri fjölgun elstu íbúa landsins á næstu árum sem mun að óbreyttu kalla á fjölgun hjúkrunarrýma og að hjúkrunarþyngd geti aukist sem mun hækka rekstrarkostnaði. Aldurssamsetning íbúa í Dalabyggð er vísbending um að slík þróun verði í sveitarfélagini á komandi árum en um 30% íbúa Dalabyggðar eru 60 ára eða eldri (samkv. mannfjölda 1. janúar 2021).

Einnig kemur fram að flest heimilanna hafi verið rekin með halla á tímabilinu sem skýrslan tekur til. Það er sérstaklega tekið fram að heimili rekin af sveitarfélögum geti verið að koma betur út í skýrslunni hvað rekstur varðar þar sem sveitarfélögın hafa lagt fé til reksturs þeirra, um 2.000 milljónir á tímabilinu 2017-2019. Halli á rekstri Silfurtúns hefur oft samsvarað um það bil 3% af tekjum Dalabyggðar á ársgrundvelli. Á árinu 2019 afskrifaði Dalabyggð um 296 milljónir króna skuld Silfurtúns við sveitarfélagið sem safnaðist hafði upp á 11 árum. Sé þeirri afskrift deilt niður á íbúa Dalabyggðar gerir það um 475.000 kr. pr. íbúa.

Þá má einnig benda á að heimsfaraldur af völdum COVID-19 hefur sett strik í reikninginn við rekstur hjúkrunarheimila þó því hafi verið mætt af einhverju leyti.

Niðurstaða skýrslu verkefnastjórnar um rekstrarkostnað hjúkrunarheimila sýnir vel þann vanda sem Dvalar- og hjúkrunarheimilið Silfurtún stendur frammi fyrir. Rekstur heimilisins er sveitarfélagini þungur á sama tíma og nauðsyn þess endurspeglast í góðri nýtingu rýma og ánægju íbúa sem geta dvalið í í heimabyggð sinni á efri árum.

Dalabyggð hefur bent á að ef tveimur hjúkrunarrýmum yrði bætt við á Silfurtúni væri möguleiki á að rekstur heimilisins yrði í kringum núllið. Þeirri beiðni var svarað með að benda Dalabyggð á að leita möguleika til samnýtingar milli hjúkrunarheimilisins Fellsenda og Silfurtúns. Komið hefur fram í fyrri samskiptum við ráðuneytið að athugun á slíkri samnýtingu sýndi að það væri ekki rekstrarhagræðing fólin í því. Einnig hefur verið vísað til fjölda hjúkrunarrýma á Vesturlandi. Þau hjúkrunarrými eru þó ekki í Dalabyggð heldur t.d. á Reykhólum sem er talsvert fámennara sveitarfélag. Hjúkrunarheimilið Fellsendi hefur haft annað hlutverk en að sinna öldruðum.



Sveitarfélagið hefur einnig, eins og áður hefur komið fram í samskiptum við ráðuneytið, greint möguleika á samrekstri mótneytis á Silfurtúni með mótneyti Auðarskóla en niðurstaðan þar var að ekki næðist sparnaður við slíka framkvæmd. Eins og ofangreint sýnir, er ekki hægt að segja að sveitarfélagið Dalabyggð sé ekki búið að kanna ýmsa möguleika til að mæta rekstrarvanda Silfurtúns og draga úr kostnaði.

Dalabyggð vill áréttu enn að sveitarfélagið telur hagræðingu geta falist í sameiningu við Heilbrigðisstofnun Vesturlands. Slíkur samrekstur yrði einnig til að auka faglega þekkingu í rekstri heimilisins. Heilbrigðisstofnunar Vesturlands rekur í dag tvö hjúkrunarheimili í tengslum við heilsugæslustöðvar á starfssvæði sínu, á Hólmavík og Hvammstanga. Dalabyggð telur að hér sé um að ræða mál sem varðar gæði, jafnrétti í þjónustu og jöfnuð milli sveitarfélaga þegar kemur að málefnum aldraðra. Sveitarfélagið sér ekki rökin fyrir því að Heilbrigðisstofnun Vesturlands velji það að reka hjúkrunarheimili í sumum sveitarfélögum og öðrum ekki.

Sveitarfélagið Dalabyggð telur ljóst að núverandi rekstrarform gangi ekki til lengdar, allra síst í ljósi þess hver þróun málafloksins getur orðið miðað við niðurstöður verkefnahóps í skýrslunni um rekstrarkostnað hjúkrunarheimila. Dalabyggð ítrekar því beiðni um afstöðu ráðuneytisins til niðurstöðu Heilbrigðisstofnunar Vesturlands og óskar jafnframt eftir fundi með ráðherra til að ræða möguleika fyrir áframhaldandi rekstur Silfurtúns.

Virðingafyllst,  
f.h. Dalabyggðar

  
Kristján Sturluson  
sveitarstjóri

